

Byggingar- og skipulagsnefnd Suður-Þingeyinga.

FUNDARGERÐ

4. fundur

Fundur var haldinn í Byggingar- og skipulagsnefnd Suður-Þingeyinga þriðjudaginn 21. nóvember árið 2006. Fundurinn fór fram á hreppsskrifstofu Þingeyjarsveitar í Kjarna, Laugum og hófst hann kl. 13⁰⁰.

Neðanritaðir voru mættir og þetta gerðist:

- 1. Erindi frá Hallgrími Óla Guðmundssyni, Grímshúsum, Aðaldælahreppi**
Óskað er leyfi til að breyta hlöðu að Grímshúsum í lausagöngufjós Teikningar eru unnar af Yngva Ragnari Kristjánssyni.
Byggingarnefnd samþykkir erindið enda verði þess gætt að byggingin verði klædd að innan eftir flokki 1 í samræmi við byggingarreglugerð.
- 2. Erindi frá Hólmgeiri Hermannssyni, Staðarhóli, Aðaldælahreppi**
Óskað er eftir leyfi til að klæða norðurhlið gamals fjóss að utan þannig að gluggar hverfi. Einnig að setja vélgengar dyr á norðurhlið hlöðu samkvæmt mynd.
Byggingarnefnd samþykkir erindið.
- 3. Erindi frá Birki Fanndal og Sólveigu Illugadóttur, Skútahrauni 14, Skútustaðahreppi**
Óskað er eftir byggingarleyfi fyrir einbýlishús á lóð nr. 2 við Helgavog. Húsið er timburhús frá SG húsum á Selfossi og er 248,9 m² að grunnfleti. Teikningar eru frá ES teiknistofu í Reykjavík.
Byggingarnefnd fellst á fyrirliggjandi teikningar og byggingaráform en frestar afgreiðslu um byggingarleyfið þar sem breyting á aðalskipulagi hefur ekki verið staðfest af Umhverfissráðherra. Sækja skal um byggingarleyfi þegar staðfest skipulagsbreyting liggur fyrir.
- 4. Erindi frá Yngva Ragnari Kristjánssyni, Skútustöðum, Skútustaðahreppi**
Erindið var áður tekið fyrir á fundi nefndarinnar 27. júlí s.l. en þá frestað þar sem teikningar bárust ekki. Óskað er eftir leyfi til að breyta notkun á gamla sundlaugarhúsinu að Álfabáru í starfsmannarými og geymslu. Teikningar eru unnar af Yngva Ragnari Kristjánssyni. Grenndarkynning hefur farið fram og engar athugasemdir bárust.
Byggingarnefnd samþykkir erindið.
- 5. Erindi frá Jóni Fr. Benónýssyni, Laugum, Þingeyjarsveit**
Óskað er eftir byggingarleyfi fyrir einbýlishús að Lautavegi 10, Þingeyjarsveit. Húsið er steinsteypt á tveimur hæðum, samtals 245,2 m² að stærð. Teikningar eru unnar af Bjarna Reykjalin á Arkor.
Byggingarnefnd samþykkir erindið en mælir jafnframt með að byggingarleyfi frá 30. september 2004 verði fellt úr gildi.
- 6. Mál til kynningar**
Kynnt er lóðarblað um stofnun frístundahúslóðar úr landi Hólkots sem er inn á friðlýstu svæði við Vestmannsvatn.
Byggingarnefnd vísar málinu til umsagnar Náttúruverndarnefndar Þingeyinga.
- 7. Erindi frá Herði Sigurbjarnarsyni, Skútahrauni 20, Skútustaðahreppi**

Byggingar- og skipulagsnefnd Suður-Bingeyinga.

Óskað er eftir heimild til að skipta um garðhús á lóðinni að Skútahrauni 20 í Mývatnssveit. Eldra húsið er 10 m² en nýja garðhúsið er 19,2 m². Fyrirliggur enn fremur samþykki nágranna.

Byggingarnefnd samþykkir erindið.

Fleira ekki bókað og fundi slitið kl. 14³⁰

Eiður Árnason
Jóhannes Steingrímsson
Kolbeinn Kjartansson
Helgi Hallsson
Kristján Snæbjörnsson
Vigfús Sigurðsson byggingarfulltrúi